

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 2004

3. febrúar 2004

135

Nr. 93

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvítársíðuhreppi.

Hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps Mýrasýslu hefur samþykkt deiliskipulag fyrir stækkun frístundabyggðar á Bjarnastöðum.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sámsstöðum, 3. febrúar 2004.

Fyrir hönd hreppsnefndar,

Ólafur Guðmundsson oddviti.

5. febrúar 2004

Nr. 94

REGLUGERÐ

um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar.

1. gr.

Gildissvið.

Faggiltum skoðunarstofum skipa er heimilt að skoða öll skip nema:

- a) Farþegaskip sem eru 24 m að lengd eða lengri.
- b) Farþegaskip sem eru smíðuð eftir 1. júlí 2001.
- c) Háhraðaför, sbr. kóða um háhraðaför (HSC-kóðinn).
- d) Skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri.
- e) Olíuflutningaskip sem eru 150 brúttótonn að stærð eða stærri.
- f) Skip í reglubundnum millilandasiglingum og eru 24 m að lengd eða lengri smíðuð eftir 1966.
- g) Upphafsskoðun.
- h) Eftirlit með nýsmíði og meiri háttar breytingum skipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.
- i) Þykktarmælingar skipa, nema Siglingastofnun Íslands ákveði annað.

Gutenberg